



Útgáfuáætlun Íslandsbanka fyrir árið 2023

Sértryggð skuldabréf

Bankinn stefnir á að halda regluleg útboð á sértryggðum skuldabréfum í íslenskum krónum

Útgáfuförf sértryggðra bréfa mun ráðast af innlánaþróun, gjalddögum á útistandandi flokkum, þróun á húsnæðislanasafni og markaðsaðstæðum.

- Á gjalddaga á árinu eru um 46 ma.kr. Þar af er einn flokkur á lokagjalddaga í september, ISB CB 23, að nafnvirði 35 ma.kr.
- Útboðsdagar ráðast af markaðsaðstæðum og verða útboð fyrirfram tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland.
- Arion banki, Kvika og Landsbankinn eru viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka. Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánnum í þeim flokkum sem viðskiptavakt nær til.
- Sértryggð skuldabréf bankans eru með lánshæfismatið A frá S&P Global Ratings.

Bankinn gerir ekki ráð fyrir að gefa út sértryggð skuldabréf í erlendri mynt á árinu 2023.

Almenn skuldabréf (e. senior preferred)

Íslandsbanki gerir ráð fyrir að gefa út um EUR 300–600m af almennum skuldabréfum á árinu. Gert er ráð fyrir að útgáfunar verði gefnar út í íslenskum krónum, evrum og norrænum gjaldmiðlum.

Tímasetningar og upphæðir munu ráðast af þróun lánabókar, markaðsaðstæðum og gjalddögum á útistandandi flokkum.

- Bankinn er með EUR 300m útgáfu á gjalddaga í nóvember 2023.
- Bankinn mun skoða stækkun á útistandandi flokkum í íslenskum krónum og mun jafnframt skoða útgáfu nýrra flokka.

Útgáfa skuldabréfa er telja til eiginfjárpáttar 1 (e. AT1) og eiginfjárpáttar 2 (e. Tier 2)

Bankinn er með innköllunarrétt á SEK 500m skuldabréfi er telur til eiginfjárpáttar 2 í ágúst 2023.

- Bankinn mun skoða að innkalla bréfið og endurfjármagna í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Íslandsbanki er með rými til útgáfu á bréfum sem telja til eiginfjárpáttar 1 með tilliti til bestunar á eiginfjársamsetningu. Slík útgáfa mun ráðast af markaðsaðstæðum.

Endurkaup útistandandi skulda og frekari dreifing markaðsfjármögnunar

Íslandsbanki mun skoða endurkaup á útistandandi skuldabréfaútgáfum í erlendum myntum og íslenskum krónum með stýringu á efnahagsreikningi bankans í huga.

Bankinn stefnir að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans og mun því skoða aðra fjármögnunarkosti og að fjölga fjármögnunarleiðum sé það talið hagfellt fyrir bankann og ef markaðsaðstæður leyfa.

Fyrirvari

Íslandsbanki áskilur sér allan rétt til að breyta ofangreindri áætlun, eins og þörf er á, án fyrirvara.

Nánari upplýsingar

- Egill Skúli Þórólfsson, egill.thorolfsson@islandsbanki.is og í síma 844 2615.
- Jóhann Ottó Wathne, johann.wathne@islandsbanki.is og í síma 844 4607.

Frekari upplýsingar um fjármögnun Íslandsbanka má nálgast á vefsíðu bankans, <https://www.islandsbanki.is/is/vara/bankinn/fjarmognun-bankans>.